



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga um breytingu á reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarsjóð skóla- og frístundaráðs

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. desember 2023 var lögð fram tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. desember 2023, um breytingu á reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ ásamt reglum með breytingum og núgildandi reglum.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs. Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna sátu hjá hjá við afgreiðslu tillögunnar.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér má sjá eina birtingarmynd illa rökstuddrar forgangsröðunar hjá meirihlutanum í borgarstjórn Reykjavíkur, þ.e. styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna á skóla- og frístundasviði verða lækkaðar verulega á næsta ári, samtals úr 200 milljónum króna niður í 100 milljónir króna. Á sama tíma er haldið áfram á þeirri braut að byggja dýr torg í miðborg Reykjavíkur, sbr. t.d. yfirstandandi framkvæmdir á Hlemmur-Torg. Einnig heldur sú lest áfram á fullu skriði að borgarsjóður taki lán á háum vöxtum og greiði þannig fjármagnseigendum svimandi fjárhæðir í vexti og afborganir í stað þess að þeim fjármunum sé t.d. varið í að hlúa að þeim mannauði sem sinnir störfum fyrir borgina. Að lokum hlýtur það að vera umdeilanlegt að 13 m.kr. aukafjárveiting til Jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar fyrir árið 2024 komi að jafn miklu gagni í samanburði við að setja nægan þunga í starf sjóðs sem hefur hingað til haft það að markmiði að auka starfsánægju og styrkja þróun starfs innan skóla- og frístundasviðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

Hér er um að ræða útfærslu skóla- og frístundasviðs á fjárheimildum sem ákveðnar voru í borgarstjórn. Þar voru teknar ákvarðanir um fjármagn sem töldust nauðsynlegar til að tryggja afkomu borgarinnar en vernda kjarnaverkefni hennar á sama tíma eins og unnt var, þar þurfti að taka erfiðar ákvarðanir og þessi útfærsla sviðsins er skynsamleg miðað við þær forsendur sem því eru gefnar. Hér eru málefni Jafnréttisskólans ekki til umræðu, en rétt er að halda til haga að verkefni hans eru gífurlega mikilvæg og snúa bæði að jafnréttisfræðslu og stuðningi og fræðslu við börn vegna eineltis og ofbeldismála og hefur álagið á starfsfólk þar verið þannig að ekki þótti mögulegt annað en að bæta við stöðugildi til að tryggja að þau verkefni séu í tryggum skorðum.



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

Það er umdeilanlegt að aukafjárveiting fyrir árið 2024 sé veitt til Jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar á meðan svona mikilvægur sjóður fyrir starfsmenn skóla- og frístundasviðs er skorinn niður í þeim mæli sem gert er.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Meðfylgjandi:
Tillaga, dags. 4. desember 2023
Reglur með breytingum
Núgildandi reglur



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga um breytingu á reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerð verði breyting á reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ með eftirfarandi hætti:

Núgildandi 3. gr. er svohljóðandi:

Í heild verði allt að 150 milljónum úthlutað til allra leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita fyrir skólaárið út frá einföldu og skýru umsóknarferli. Fjárhæðir styrkja eru ákveðnar út frá reiknireglu sem tekur til fjölda árlegra stöðugilda, barnafjölda og rekstrarumfangs á hlutaðeigandi starfsstað.

Lagt er til að orðalag 3. gr. verði svohljóðandi:

Í heild verði allt að 100 milljónum úthlutað til allra leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita fyrir *fjárhagsárið* út frá einföldu og skýru umsóknarferli. Fjárhæðir styrkja eru ákveðnar út frá reiknireglu sem tekur til fjölda árlegra stöðugilda, barnafjölda og rekstrarumfangs á hlutaðeigandi starfsstað.

Núgildandi 4. gr. er svohljóðandi:

Fulltrúar frá fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs yfirfara umsóknir og upplýsa fjármáladeild um niðurstöður styrkveitinga.

Lagt er til að orðalag 4. gr. verði svohljóðandi:

Fagstjórar og framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva í borgarmiðstöðum og fulltrúar frá fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs yfirfara umsóknir.

Núgildandi 5. gr. er svohljóðandi:

Umsóknir skulu hafa borist skrifstofu skóla- og frístundasviðs fyrir auglýstan umsóknarfrest ár hvert og skal umsóknum skilað á sérstöku umsóknarformi. Umsóknarform og upplýsingar um tilhögun úthlutunar er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.

Lagt er til að orðalag 5. gr. verði svohljóðandi:

Umsóknir skulu hafa borist skrifstofu skóla- og frístundasviðs fyrir auglýstan umsóknarfrest ár hvert og skal umsóknum skilað á sérstöku umsóknarformi. Umsóknarform og upplýsingar um tilhögun úthlutunar er að finna á *vef menntastefnu Reykjavíkur* <https://menntastefna.is/throunarsjodur/>.

Núgildandi 7. gr. er svohljóðandi:

Lokauppgjör á sér stað þegar styrkþegi hefur skilað greinargerð um verkefnið eigi síðar en þann 1. júní ár hvert samkvæmt skilmálum um skil greinargerðar sem er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.

Lagt er til að orðalag 7. gr. verði svohljóðandi:

Greinargerð um verkefnið skal skila eigi síðar en þann 15. janúar á komandi ári ár hvert samkvæmt skilmálum um skil greinargerðar sem er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.

Núgildandi 8. gr. er svohljóðandi:

Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að við upphaf verkefnis er 1/3 styrksins greiddur út og 2/3 við skil greinargerðar.

Lagt er til að ákvæðið verði felld út og í stað þessi verði 8. gr. svohljóðandi:

Borgarmiðstöðvar hafa milligöngu um miðlun greiðslna til starfsstöðva. Greiðslur úr sjóðnum skulu berast viðkomandi starfstað í upphafi verkefnis.

Breytingar taka gildi frá samþykkt borgarráðs.

Greinargerð:

Í fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs árið 2024 eru 100 m.kr. til úthlutunar til styrkja á grundvelli reglna um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“. Þetta er lækun um 100 milljónir frá því sem var en frá árinu 2019 hefur verið úthlutað 150 milljónum í A-hluta og 50 milljónum í B- hluta samtals 200 milljónir árlega.

Þannig verður A- hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs, alls 100 milljónum, úthlutað til grunnskóla, leikskóla, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita út frá einföldu og skýru umsóknarferli. Fjárhæðir styrkja eru ákveðnar út frá reiknireglu sem tekur til fjölda árlegra stöðugilda, barnafjölda og rekstrarumfangs.

Vegna lækkunar á fjárheimildum verður ekki úthlutað til B- hluta verkefna árið 2024 og framlag í A-hluta lækkar um 50 milljónir

Fjármagni verður úthlutað í upphafi árs 2024 til borgarmiðstöðva sem munu hafa milligöngu um miðlun greiðslna til starfsstöðva. Greiðslur úr sjóðnum skulu berast viðkomandi starfstað í upphafi verkefnis. Lögð er áhersla á að fagstjórar leikskóla og grunnskóla og framkvæmdastjórar í frístundamiðstöðvum taki samtalið við sína stjórnendur og ræði um möguleika á samstarfsverkefnum á milli starfsstaða innan leik, grunn, frí eða þvert á málaflokka sem og mögulegu samstarfi á milli borgarhluta. Þá hafi fagstjórar yfirsýn yfir verkefni sem eru af svipuðum toga og hægt er að samnýta fjármagn fyrir fræðslu og ráðgjöf. Ef starfsstaðir nýta ekki það fjármagn sem þeir hafa til umráða geti fagstjórar nýtt fjármagnið til samstarfsverkefna innan eða á milli borgarhluta.



Þróunarstyrkir

Reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.

1. Tilgangur styrkveitinganna er að stuðla að þróunar- og nýsköpunarstarfi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, í leikskólastarfi, grunnskólastarfi og frístundastarfi. Með verkefnum er átt við þróunar- og nýsköpunarverkefni sem stuðla að fagmennsku, auknu samstarfi og styðja við rannsóknir. Verkefnin styðji við eða stuðli að bættu fagstarfi með aukinni þátttöku barna og unglinga á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru fram í Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.
2. Forsenda styrkveitingar er að þróunar- og nýsköpunarverkefni byggi á Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ þar sem leiðarljósín eru virkni og þátttaka barna, fagmennska og samstarf.
3. Í heild verði allt að ~~150~~100 milljónum úthlutað til allra leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva og skólahljómssveita fyrir ~~fjárhagsárið skólaárið~~ út frá einföldu og skýru umsóknarferli. Fjárhæðir styrkja eru ákveðnar út frá reiknireglu sem tekur til fjölda árlegra stöðugilda, barnafjölda og rekstrarumfangs á hlutaðeigandi starfsstað.
4. Fagstjórnar og framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva í borgarmiðstöðvum og Ffulltrúar frá fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs yfirfara umsóknir og upplýsa fjármáladeild um niðurstöður styrkveitinga.
5. Umsóknir skulu hafa borist skrifstofu skóla- og frístundasviðs fyrir auglýstan umsóknarfrest ár hvert og skal umsóknum skilað á sérstöku umsóknarformi. Umsóknarform og upplýsingar um tilhögun úthlutunar er að finna á ~~heimasíðu skóla- og frístundasviðs~~vef menntastefnu Reykjavíkur <https://menntastefna.is/throunarsjodur/>.
6. Umsóknir eru yfirfarnar með hliðsjón af a) tengingu við Menntastefnu Reykjavíkur b) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; c) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir skóla- og frístundastarf. Ef umsókn uppfyllir ekki skilyrði fær umsækjandi hálfan mánuð til að gera nauðsynlegar úrbætur.
7. Greinargerð um verkefnið skal skila eigi síðar en þann 15. janúar á komandi ári ár hvert samkvæmt skilmálum um skil greinargerðar sem er að finna á [vef Menntastefnu Reykjavíkurborgar. heimasiðu skóla- og frístundasviðs](#). Lokauppgjör á sér stað þegar styrkþegi hefur skilað greinargerð um verkefnið eigi síðar en þann 1. júní ár hvert samkvæmt skilmálum um skil greinargerðar sem er að finna á [heimasiðu skóla- og frístundasviðs](#).
8. Borgarmiðstöðvar hafa milligöngu um miðlun greiðslna til starfsstöðva. Greiðslur úr sjóðnum skulu berast viðkomandi starfsstað í upphafi verkefnis. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að við upphaf verkefnis er 1/3 styrksins greiddur út og 2/3 við skil greinargerðar.



9. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín. Gerð skal grein fyrir verkefninu í starfsáætlun ásamt áætlun um það hvernig það tengist innleiðingu Menntastefnu.
10. Skóla- og frístundasvið leggur skýrslu fyrir skóla- og frístundaráð þar sem gerð er grein fyrir úthlutunum. Jafnframt skal leggja fram í skóla- og frístundaráði yfirlit yfir þau verkefni sem er lokið.



Samþykkt í skóla- og frístundaráði þann 12. febrúar 2019 og í borgarráði þann 21. febrúar 2019. Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 26. nóvember 2019 og í borgarráði þann 5. desember 2019, sbr. jafnframt breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann 8. júní 2021 og í borgarráði þann 24. júní 2021. [Breytingar samþykktar í skóla- og frístundaráði þann \[dags. samþykktar\] og í borgarráði þann \[dags. samþykktar\]](#)



Þróunarstyrkir

Reglur um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.

1. Tilgangur styrkveitinganna er að stuðla að þróunar- og nýsköpunarstarfi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, í leikskólastarfi, grunnskólastarfi og frístundastarfi. Með verkefnum er átt við þróunar- og nýsköpunarverkefni sem stuðla að fagmennsku, auknu samstarfi og styðja við rannsóknir. Verkefnin styðji við eða stuðli að bættu fagstarfi með aukinni þátttöku barna og unglinga á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru fram í Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.
2. Forsenda styrkveitingar er að þróunar- og nýsköpunarverkefni byggi á Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ þar sem leiðarljósín eru virkni og þátttaka barna, fagmennska og samstarf.
3. Í heild verði allt að 150 milljónum úthlutað til allra leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita fyrir skólaárið út frá einföldu og skýru umsóknarferli. Fjárhæðir styrkja eru ákveðnar út frá reiknireglu sem tekur til fjölda árlegra stöðugilda, barnafjölda og rekstrarumfangs á hlutaðeigandi starfsstað.
4. Fulltrúar frá fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs yfirfara umsóknir og upplýsa fjármáladeild um niðurstöður styrkveitinga.
5. Umsóknir skulu hafa borist skrifstofu skóla- og frístundasviðs fyrir auglýstan umsóknarfrest ár hvert og skal umsóknum skilað á sérstöku umsóknarformi. Umsóknarform og upplýsingar um tilhögun úthlutunar er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.
6. Umsóknir eru yfirfarnar með hliðsjón af a) tengingu við Menntastefnu Reykjavíkur b) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; c) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir skóla- og frístundastarf. Ef umsókn uppfyllir ekki skilyrði fær umsækjandi hálfan mánuð til að gera nauðsynlegar úrbætur.
7. Lokauppgjör á sér stað þegar styrkþegi hefur skilað greinargerð um verkefnið eigi síðar en þann 1. júní ár hvert samkvæmt skilmálum um skil greinargerðar sem er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.
8. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að við upphaf verkefnis er 1/3 styrksins greiddur út og 2/3 við skil greinargerðar.
9. Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín. Gerð skal grein fyrir verkefninu í starfsáætlun ásamt áætlun um það hvernig það tengist innleiðingu Menntastefnu.



10. Skóla- og frístundasvið leggur skýrslu fyrir skóla- og frístundaráð þar sem gerð er grein fyrir úthlutunum. Jafnframt skal leggja fram í skóla- og frístundaráði yfirlit yfir þau verkefni sem er lokið.